

Nr. 33.

26. okt.

Lög

um

breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

2. málsgrein 1. greinar laga nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, orðast þannig:

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, 1 krónu fyrir hvern mann gjaldskyldan.

2. gr.

3. gr. sömu laga orðast svo:

Hver gjaldskyldur karlmaður greiðir í sjóðinn 2 krónur á ári, en kvenmaður 1 krónu.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.